

## G J A L D S K R Á

### fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

16

1. febr.

## 1. gr.

**Lestagjald.**

- a. Bátar og skip, sem heima eiga í Ólafsfirði, greiði í lesta-, ljósa- og bryggju-gjald kr. 2.00 fyrir brúttó smálest á ári. Broti úr smálest skal sleppt. Minnsta gjald sé kr. 20.00 á ári. Bátar og skip, sem heima eiga á Kleyfum, greiði ekkert fastagjald.
- b. Innlend fiskiskip, önnur en þau, sem talin eru í a-lið, greiði kr. 0.20 fyrir hverja brúttó smálest, í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða kr. 0.20 í lestagjald fyrir hverja smálest. Þó er bæjarstjórn, eftir tillögum hafnarnefndar, heimilt að lækka þetta gjald, eða fella í burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 2. gr.

**Ljósagjald.**

Skip, sem getur um í 1. gr. b., greiði kr. 3.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí.

Önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 3.00 í hvert skipti.

## 3. gr.

**Bryggjugjald.**

Aðkomuskip, sem leggjast við hólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða hólvirki, skal greiða bryggjugjald miðað við brúttó smálestatölu í heilum smálestum. Gjald skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, og er það 5 aurar af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 2 krónur. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 4. gr.

**Aflagjald.**

Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land í Ólafsfjarðarhöfn, skulu greiða aflagjald 1½%, miðað við brúttó afla.

## 5. gr.

**Vörugjald.**

- a. Af eftirtöldum vörum skal ekkert gjald greiða:
  1. Vörur til annarra staða, sem látnar eru í land vegna skemmda í skipi eða í misgripum.
  2. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjavörur til skipa og báta til eigin notkunar, þegar þetta er flutt úr landi.
  3. Póstúr og farangur ferðamanna.
- b. Aðfluttar vörur:
  1. Kol, salt, sement, tilbúinn áburður: kr. 6.00 hver smálest.
  2. Oliur og benzín: kr. 1.60 hver 100 kg.

- 16**  
1. febr.
3. Þakjárn, smíðajárn, steypustyrktarjárn: kr. 1.40 hver 100 kg.
  4. Kornvara, kaffi, sykur, fóðurmjöl, hey: kr. 1.00 hver 100 kg.
  5. Veiðarfæri (línuverk, snurpinætur o. fl.): kr. 1.00 hver 100 kg.
  6. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir þyngd: kr. 1.50 hver 100 kg.
  7. Timbur: kr. 0.10 hvert teningsfet.
  8. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir rúmmáli: kr. 0.15 hvert ten.fet.
  9. Tómar tunnur og föt, uppsett eða óuppsett: kr. 0.25 hvert.
- c. Útfluttar vörur:
1. Saltsíld, matéssíld, kryddsíld, sérverkuð síld: kr. 0.75 hver tunna.
  2. Saltfiskur og verkaður fiskur: kr. 1.20 hver 100 kg.
  3. Lýsi: kr. 1.50 hvert fat.
  4. Kjöt: kr. 2.00 hver 100 kg.
  5. Ull: kr. 2.50 hver 100 kg.
  6. Gærur: kr. 2.00 hver 100 kg.
  7. Fiskimjöl: kr. 0.45 hver 100 kg.
  8. Hraðfrystur fiskur: kr. 1.80 hver 100 kg.
  9. Ísaður fiskur (fiskkaupaskip): kr. 0.45 hver 100 kg.
  10. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd: kr. 1.00 hver 100 kg.
  11. Stórgripir: kr. 5.00 hver gripur.
  12. Sauðfé og geitfé: kr. 0.50 hver gripur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**17**  
3. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 61 18. júlí 1928, sbr. auglýsingu nr. 79 26. maí 1942.

1. gr.

- 10.—13. flokkur 33. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:
10. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hverja tunnu:  
Kverkuð og hausskorin síld og matéssíld.
11. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu:  
Öll önnur síld í tunnum.
12. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert mál:  
Öll síld til bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðarkaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.
13. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum grip eða dýri:  
Nautgripir, sauðfé, hestar, geitur, loðdýr.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.